

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Málefnasvið: Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Mál nr. 38/2022



HS ORKA

Svartsengi
240 Grindavík
Iceland

+354 520 9300
hsorka@hsorka.is

www.hsorka.is

Svartsengi, 09. mars 2022

Varðar: Umsögn um drög að reglugerð um heimild til fyrningarálags á skilgreindar grænar eignir og aðrar eignir sem sambærilega geta talist.

Vísað er til máls nr. S-38/2022 í samráðsgátt stjórnvalda þar sem kynnt eru til umsagnar drög að reglugerð um heimild til fyrningarálags á skilgreindar grænar eignir og aðrar eignir sem sambærilega geta talist. HS Orka þakkar fyrir það tækifæri að veita umsögn um ofangreint mál. Félagið vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Athugasemdir við einstakar greinar reglugerðarinnar

2. gr. Gildissvið

Í 2. gr. reglugerðarinnar eru talin upp ákveðin skilyrði í liðum a. til e. sem öll verður að uppfylla til að eignir falli undir gildissvið reglugerðarinnar. HS Orka hefur athugasemdir við liði a. b. c. og d. 2. gr.

a. liður 2. gr.

Að eign sé í formi lausafjár sem telst til fyrnanlegra eigna, þ.e. varanlegra rekstrarfjármuna sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur sbr. 1. tölul. 33. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Samkvæmt ákvæði a. liðar 2. gr. á reglugerðin eingöngu við um eignir sem eru í formi lausafjár sem teljast til fyrnanlegra eigna. Í lögum nr. 33/2021 um breytingu á lögum um tekjuskatt 90/2003 er að finna tvenns konar tímabundnar undantekningar á gildandi fyrningarákvæðum samkvæmt fyrrnefndum lögum um tekjuskatt. Þar er að finna annars vegar heimild í 1 mgr. til að færa lausafé, sem aflað er á tilteknu tímabili, hraðar niður en annars gildir í tekjuskattslögnum og hins vegar heimild í 2. mgr. að reikna sérstakt fyrningarálag á stofnverð umhverfisvænna eigna sem aflað er á tilteknu tímabili að vissum skilyrðum uppfylltum. Breytingarnar má finna í bráðabirgðaákvæði LXX í tekjuskattslögnum og samkvæmt 8 gr. þess ákvæðis var ráðherra gert að setja reglugerð til að útfæra nánar hvaða eignir falli undir 2. mgr. laga nr. 33/2021. Sú reglugerð er nú til umsagnar.

Frumvarp til laga nr. 30/2021 tók breytingum í meðferð málsins á þingi og ekki er lengur að finna tilvísun í 2. mgr. laganna að greinin taki eingöngu til lausafjár. Það virðist því sem svo að 2. mgr. hafi verið útvíkuð og eigi því við um allar eignir þ.m.t. mannvirkja enda ber reglugerðin þess merki að hún nái til mannvirkja sem dæmi má nefna b. lið 5. gr. Með því að setja inn skilyrði um *lausafé* í a. lið 2. gr. reglugerðarinnar þá er verið að þrengja gildissvið umræddrar 2. mgr. sem reglugerðin sækir stoð í. Slíkt er andstætt lögmætisreglunni, þ.e. að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um að hvort leggja skuli skatt, breyta honum eða afnema hann með vísan í 40. gr. og 77 gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands að enginn skattur skal verða lagður á nema heimild hafi verið fyrir því í lögum.

Að öllu ofangreindu virtu leggur HS Orka til að a. liður 2. gr. verði felldur brott enda er heimilt samkvæmt 2. mgr. laga nr. 30/2021 að reikna sérstakt fyrningarálag á allar grænar eignir óháð því hvort þær séu lausafé eður ei.



b. liður 2 gr.

Að eign sé aflað á árunum frá upphafi árs 2021 og til loka árs 2025 í þeim tilgangi að vera nýtt í atvinnurekstri kaupanda eiganda. Hér er átt við að bindandi skriflega samninga skriflegur kaupsamningur, eða kaupleigusamningur, um eign hafi verið aflað komist á fyrir árslok 2025.

HS Orka leggur til ofangreindar breytingar á b. lið 2. gr. þar sem orðalag er óskýrt. Jafnframt veur HS Orka athygli á því að skoða þarf sérstaklega og gera ráð fyrir að eignir séu ekki einungis keyptar heldur einnig byggðar því er breyting á orðalagi þörf og nauðsynleg. Sé eign byggð af eða fyrir eiganda þá eru engir kaupsamningar eða kaupleigusamningar til staðar. Með þessu orðalagi falla utan gildissviðs reglugerðarinnar þær grænu eignir, sem samkvæmt öllum öðrum skilyrðum hefðu fallið innan gildissviðsins en eru þar með útilokaðar frá heimildinni til fyrningarálags.

c. liður 2 gr.

Að fjárfestingarákvörðun um öflun eignar sé ótengd skyldu eða kröfum sem kaupanda eiganda ber að uppfylla í rekstri sínum og rekstrarumhverfi skv. gildandi lögum eða alþjóðasamningum og/eða á næstu 5 árum. Jafnframt að ekki sé um að ræða eignakaup aðila sem hafa að lögum það hlutverk að stunda starfsemi sem er á þeim sviðum sem tilgreind eru í 5. til 7. gr.

Í lögum nr. 33/2021 kemur fram að óheimilt sé að reikna fyrningarálag þegar fjárfesting leiðir af skyldum og kröfum sem skattaðila ber að uppfylla í rekstri sínum og rekstrarumhverfi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum og á c. liður 2. gr. rót sína að rekja til þessa ákvæðis. Ákvæðið er þó frekar óljóst og þarfnast frekari skýringa t.d. hvað átt er við með og/eða 5 árum. HS Orka veur athygli á því að ekki er kveðið á um hvernig skuli fara með fyrningarálagið ef lög verða sett á, eftir að reglugerðin tekur gildi en þó innan 5 ára, eða að ríkið undirriti síðar alþjóðasamning, sem leiðir af sér að eign sé þá orðin tengd skyldu eða kröfum sem eigandi ber að uppfylla í rekstri sínum eða rekstrarumhverfi.

d. liður 2. gr.

Að eign valdi ekki svo umtalsverðu tjóni gagnvart öðrum markmiðum í umhverfismálum, sbr. 1. gr., með þeim hætti að heildar jákvæð áhrif eignarinnar lækki um meira en helming þess sem ella hefði orðið.

Í lögum nr. 33/2021 kemur fram að ekki sé heimilt að reikna fyrningarálag, þrátt fyrir skilyrði 2. eða 4. mgr. teljist uppfyllt, ef eign telst valda umtalsverðu tjóni sem gengur gegn einu eða fleiri umhverfismarkmiðum eins og þau markmið eru skilgreind í reglugerð sem ráðherra setur. Þetta ákvæði er útfært í d. lið 2. gr. HS Orka veur athygli á því að hvergi er útfært nánar hvernig heildar jákvæð áhrifigna skuli reiknuð né lækkunin sem ella hefði orðið.

5. gr. Endurnýtanleg orka

Í b. liðar 5. gr. eru taldar upp eignir í dæmaskyni sem ætlaðir eru til framleiðslu rafmagns og varma úr endurnýjanlegum auðlindum s.s. vatnsaflstöðvar og jarðhitastöðvar.

HS Orka bendir á að orðalagið vatnsaflstöðvar og jarðhitastöðvar er ekki að finna í öðrum lögum og ekki almennt notað. Eðlilegra væri að notast við hugtökin vatnsaflsvirkjanir og jarðvarmavirkjanir í i. lið b. liðar 5. gr. með tilvísun í skilgreiningu á raforkuveri/virkjun í 3. mgr. raforkulaga nr. 65/2003 og hugtakið varmastöð í þeirri merkingu að hún nýti jarðhita, lofthita, grunnvatnshita eða aðrar endurnýjanlegar orkulindir í ii. lið b. liðar 5 gr. í stað jarðhitastöðvar.



6 gr. Hreinsun fráveituvatns og endurnýting úrgangs

Í 1. gr. reglugerðarinnar eru talin upp sex markmið í umhverfismálum sem reglugerðinni er ætlað að styðja við með skattalegum hvötum. Eitt af þeim markmiðum er umskipti yfir í hringrásarhagkerfi. HS Orka telur að reglugerðin styðji ekki sem slík sérstaklega við hringrásarhagkerfi en skilgreining á hringrásarhagkerfi er þegar hagkerfi leitast við að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi með áherslum sem tryggja, að hægt sé að viðhalda verðmætum auðlinda eins lengi og mögulegt er. Þannig myndast efnahagslegt kerfi þar sem hönnun, framleiðsla, dreifing, neysla og úrgangur mynda því sem næst lokaða auðlindahringrás. Í 6. gr. er þó vissulega fjallað um úrgang en ekki er minnst á þær aukaafurðir sem falla til vegna notkun auðlindar t.d. ylsjó (hreinn sjór sem hefur tekið í sig varma við kælingu orkuvers). HS Orka leggur til að 6. gr. sé breytt á þann veg að hún eigi jafnt við um úrgang og aukaafurðir sem falla til við notkun auðlindar.

Virðingarfyllt,

f.h. HS Orku hf.

Arna Grímsdóttir
Yfirlögfræðingur